

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag fyrir skika lands úr jörðinni Kvistum, Ölfusi, fyrir garðyrkjubýli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, garðyrkjubýli, úr landi Kvista, Ölfusi.

Skikinn liggur austan vegar nr. 374, frá vegi að Ingólfsfjalli. Byggingarreitir liggja austast í landinu. Um er að ræða byggingarreit fyrir einbýlishús og iðnaðarhús með aðstöðuplani og mönnum umhverfis athafnasvæðið.

Deiliskipulag fyrir þjónustu- og veitingahús á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. ágúst 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir þjónustu- og veitingahús á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Skikinn liggur við þjóðveg nr. 34, um 520 m vestan við Óseyrarbrú. Innan byggingarreits er gert ráð fyrir um 300 m² húsi auk sólpalla. Húsið er á einni hæð. Skipulagða svæðið er um 19400 m². Aðkoma er frá þjóðvegi norðvestan við húsið inn á bílaplan. Göngustígar eru einnig að húsinu að austanverðu.

Deiliskipulag fyrir Norðurbyggð 18, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. ágúst 2002 samþykkt deiliskipulag á lóðinni Norðurbyggð 18, Þorlákshöfn. Um er að ræða svæði sem að hluta til var ætlað fyrir parhús og að hluta til autt svæði. Svæðið er nú ein lóð til byggingar á tveggja hæða fjölbýlishúsi. Ekki verður bílgeymsla á lóðinni.

Lóðin afmarkast af horninu á milli Norðurbyggðar og Sambyggðar til vesturs, suðurs og austurs og að norðan af íbúðahúsalóðum við Norðurbyggð.

Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð sunnan Berga, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 9. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag er liggur sunnan Berga í Þorlákshöfn.

Tillagan nær til um 20 ha svæðis með möguleikum á byggingu 228 íbúða fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús auk opinna svæða.

Deiliskipulag fyrir skika lands úr Núpum I og II, Ölfusi, frístundabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 17. janúar 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, 1 ha, fyrir frístundabyggð, úr landi Núpa I og II, Ölfusi.

Tillagan nær til 8 húsa.

Skikinn liggur norðan heimreiða að Núpum. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi nr. 38 um heimreiðina að Núpum.

Deiliskipulag fyrir 20 ha lands úr Gljúfurárholti, Ölfusi, heilsársbyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt deiliskipulag á 20 ha lands úr jörðinni Gljúfurárholti, Ölfusi, fyrir heilsársbyggð.

Svæðið afmarkast af Gljúfurvegi í austri og Rauðalæk í vestri. Gert er ráð fyrir 20 einbýlishúsum á 1-2 hæðum á lóðum sem eru á bilinu 5600 til 10000 m². Einnig er heimilt að

byggja hesthús fyrir allt að 10 hesta og allt að 100 m² gróðurhús, innan byggingarreits. Aðkoma að svæðinu er frá Gljúfurvegi.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 4. apríl 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, 40,9 ha fyrir frístundabyggð, úr landi Hrauns, Ölfusi.

Skikinn afmarkast af Ölfusá til austurs og að öðru leyti er svæðið innan girðingar. Svæðið er fyrir 16 lóðir að stærð 4000 til 6000 m², nr. 1 til 16. Á einni lóðinni er heimilt að byggja 3 smáhýsi innan byggingarreits. Þegar eru 4 hús komin á lóðir nr. 8, 9, 14 og 16. Aðkoma að svæðinu er annars vegar að sunnanverðu frá Þjóðvegi nr. 34 og hins vegar að norðanverðu frá Þjóðvegi nr. 38 um land Hrauns.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á skika lands úr Gljúfri, Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 30. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag á skika lands úr jörðinni Gljúfri, Ölfusi.

Tillagan nær til 11,5 ha svæðis með lóðum fyrir 8 frístundahús.

Svæðið liggur norðan við Þjóðveg nr. 374 og með aðkomu frá honum.

Breyting á deiliskipulagi fyrir jörðina Alviðru, Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Alviðru, Ölfusi.

Tillagan felur m.a. í sér breytingu á landnotkun meðfram Grafningsvegi þar sem afmörkuð er lóð og byggingarreitur undir þjónustu ásamt lóð og byggingarreit undir veiðihús, ennfremur er afmarkað svæði fyrir grafreit gæludýra. Við gildistöku breytts skipulags fellur úr gildi deiliskipulagsuppráttur Alviðru, samþykktur 22. maí 1995 og sá hluti úr skipulagsupprætti Alviðru og Öndverðarness II, samþykktur 10. maí 1995 sem deiliskipulagsuppráttur þessi nær yfir.

Breyting á deiliskipulagi lóða við Hafnarberg, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 25. janúar 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóða við Hafnarberg, Þorlákshöfn.

Tillagan felur í sér að breyta frá einbýlishúsalóðum í raðhúsa- og parhúsalóðir, nr. 12 til 30, og gerð gestabílastæðis í norðausturhorni lóðarinnar.

Við gildistöku á breyttu skipulagi fellur úr gildi deiliskipulagsuppráttur frá mars 1999.

Skipulagsauglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 15. apríl 2003.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.